

Ed.

294. Nefndarálit

um frv. til laga nm gagnfræðaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála nm þetta frv. hvað einstök atriði snertir. Er hún þó öll sammála nm, að frv. sé til mikilla bóta, ef að lögum verður, fyrir þá kaupstaði, sem samkvæmt því eiga að fá gagnfræðaskóla. Minni hlutannm (JÞ) þykir frv. ganga of skammt í því, er lýtur að skipnn skólamála fyrir Reykjavík, og mun hann því flytja brtt. við frv., í þá átt að gera það nokkrn fyllra í þessum efnun. Hann mun og vera samþykkur snmnm brtt. meiri hl., þó hann vilji ekki skrifa undir nefndarálit með honnm. Meiri hl. telur ekki ástæðu til í þetta sinn að ganga lengra en að koma skipun á gagnfræðamenntun í landinu, þar sem hún er enn í þeim molun, að ekki verður við nnað lengur, og ber því brýna nauðsyn til, að úr verði bætt hið bráðasta. En álit meiri hl. er, að það mundi hefja framgang þessa máls, ef í samband við það yrðu sett önnur skólamál, sem gerðu það nmfangsmeira og erfiðara í vöfnum. Erlingur Friðjónsson hefir sérstöðn í nefndinni gagnvart 13. gr. frumvarpsins og mun flytja brtt. við hana.

Eins og vikið er að hér að ofan, leggur meiri hl. (þeir EF og PH) til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna »(sbr. þó 17. gr.)« komi: (sbr. þó 16. gr.).
2. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Heimilt er og að ákveða í reglgerð próf í einstökum námsgreinum sem inntöknaskilyrði.
3. Við 6. gr. Á eftir »íslenzkar bókmenntir« í annari málsgr. komi: sögn.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna »og fastir kennarar ráðnir í samráði við skólastjóra og skólanefnd« komi: Fasta kennara ræðnr kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir mánaðardvöl hvers regnlægs nemanda í gagnfræðaskóla skal greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur, gegn 24 króna lágmarksframlagi úr hlntaðeigandi bæjarsjóði.
6. Við 17. gr. Í stað orðanna »fastir starfsmenn við þann skóla« komi: fastir kennarar við þann skóla.
7. Við 19. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkv. því.

Alþingi, 17. marz 1930.

Páll Hermannsson,
formaðnr.

Erlingur Friðjónsson,
fundaskr. og frsm.